

Týndir sauðir og villikettir: Hugleiðing um sjálf, norm og frávik

Viðar Halldórsson

Emilé Durkheim hélt því fram að félagsleg norm og gildi væru mikilvæg til að viðhalda reglu og festu samfélaga. George Herbert Mead taldi enn fremur fram að einstaklingssjálfíð mótaðist í gegnum félagsleg samskipti, þ.e. í gegnum þau norm og gildi sem umlykja okkur og birtast í viðhorfum annarra (the significant others). Flest reynum við því að vera venjuleg og falla inn í hópinn. En á meðan sumir ganga of langt í að falla inn í hópinn þá eru aðrir í uppreisn gegn normum og gildum hópsins, meðvitað eða ómeðvitað. Þessi grein fjallar um tvær tegundur frávikshegðunar, annars vegar þá þegar einstaklingar yfiraðlagast (over assimilate) að normum og gildum hópsins, sem felur í sér „dauða“ sjálfsins (týndir sauðir); og hins vegar þá þegar einstaklingar hegða sér í berhögg við ríkjandi gildi og viðmið hópsins (villikettir), en aðeins sú hegðun felur í sér fráviksstimplun. Ég notast við dæmi úr kvikmyndunum *The Conformist* eftir Bernardo Bertolucci og *Zelig* eftir Woody Allen til að sýna það fyrrnefnda og úr kvikmyndinni *Málmhaus* eftir Ragnar Bragason og sænsk-dönsku sjónvarpsþáttunum *Broen* til að sýna það síðara. Að lokum velti ég upp spurningunni hvort samfélaginu standi í raun meiri ógn af villiköttunum heldur en týndu sauðunum.

Þjóðarspegillinn 2018
Afpreying tekin alvarlega: Félagsfræði dægurmenningar